

## 9. fundur æskulýðsnefndar

Miðvikudaginn 10. janúar 2018 kl. 19.30 að Hverabraut á Laugarvatni.

Mætt voru: Sigurjón Pétur Guðmundsson, Lára Hreinsdóttir og Borghildur Guðmundsdóttir sem kom inn sem varamaður fyrir Smára Þorsteinsson.

1. Áætlað var að halda þennan fund fyrr í mánuðinum en vegna þess hve erfiðlega gekk að fá upplýsingar frá íþróttafélögunum var ákveðið að fresta honum. Var það fyrsta efni fundarins, hversu áhugalítil sum félög eru en vert að taka fram að það á ekki við þau öll. Ganga þarf á eftir því að félögin skili inn upplýsingum og það jafnvel oftast en þrisvar sinnum.
2. Næst var komið að því að velja íþróttamann Bláskógabyggðar en að þessu sinni bárust tvær tilnefningar, frá Hestamannafélaginu Loga og Hestamannafélaginu Trausta. Nefndin komst fljótlega að því að erfitt var að velja á milli þeirra tveggja sem tilnefndir voru án þess að hafa frekari upplýsingar. Var því leitað eftir þeim upplýsingum frá félögunum og bárust þær fljótt. Eftir þó nokkrar bollaleggingar var nefndin sammála um hver hlyti titillinn að þessu sinni.
3. Nefndin fór yfir ábendingar frá íþróttafélögunum um hvaða einstaklinga ætti að heiðra skv. 7. grein reglugerðar um val á íþróttamanni ársins og í ár voru það mun færri en undanfarin ár. Reynt var að fara yfir sveitina, ef svo má segja, til að enginn yrði af verðlaunum sem hann ætti tilkall til en ekki fundust fleiri einstaklingar sem hægt væri að heiðra með þessum hætti. Þess ber þó að geta að nefndin ákvað að veita Skólahreysti liði skólanna tveggja sérstaka viðurkenningu fyrir góðan árangur á árinu 2017.
4. Fyrir jól var þess farið á leit við Ungmennafélögin að þau aðstoðuðu við leiki og fleira í hófinu en þar sem ekkert heyrðist frá Tungnamönnum var samið við

UMFL um að sjá um leiki fyrir miðstigskrakka sem er sérstaklega boðið til hófsins. Eru Laugdælum færðar þakkir fyrir þessa aðstoð.

5. Hófið verður haldið þann 18. janúar og ljóst að skipuleggja þarf það vel. Þar sem þetta er í fjórða sinn sem nefndin skipuleggur hófið er verkaskipting orðin þaulæfð og tóku nefndarmenn að sér sömu verkefni og undanfarin ár. Lára ætlar að panta verðlaunagrip og hafa samband við þá sem eiga að fá verðlaun og boða þá. Hún mun einnig hafa samband við oddvita og Gunnar Gunnarsson um aðstoð við verðlaunaafhendingu. Hún verður líka tengiliður við UMFL og grunnskólana. Pétur sér um að skrifa auglýsingu, panta blóm og taka myndir og Bogga ætlar að taka að sér að sjá um veitingar, þó ekki baka fyrir alla, en panta kleinur, snúða og ís, kaupa kaffi og athuga með glös og bolla.

Fundi slitið kl. 22.